

25. nóvember 2004

SÍ-19856

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Í bréfi dags. 11. nóvember óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, 35. mál, vanskil á vörslufé.

Seðlabanki Íslands ræður ekki yfir sérþekkingu á sviði skattamála og er því vanbúinn að tjá sig um efni frumvarpsins. Þó má nefna að frumvarpið virðist fela í sér breytingu sem er í senn einföld og ekki mjög afdrifarík. Með henni er gert mögulegt að taka mildar á brotum vegna vanskila á vörslufé þegar skilagrein hefur verið skilað þar sem slík brot eru talin annars eðlis en hefðbundin skattsvik og eru oft rekstrarerfiðleikum um að kenna. Að öðru leyti tjáir bankinn sig ekki um frumvarpið.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri